



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögðu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 25. janúar 2021
nr. erindis 2012020

Á 623. fundi bæjarráðs Stykkishólmsbæjar 21. janúar 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Grænbók um byggðamál

Lögð fram Grænbók um byggðamál sem birt hefur verið til umsagna í samráðsgátt stjórnvalda og er ætlað að veita upplýsingar um núverandi stöðu byggðamála. Umsagnarfrestur er 29.12.2020 - 25.01.2021

Afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð telur að í stöðumati gæti verið skýrara að skipta landinu í smærri svæði en eftir landshlutum, t.d. innan Vesturlands gæti Vesturlandi verið skipt upp í fjögur svæði. Gæfi slík skipting nákvæmari mynd af þróun og breytingu einstakra svæða í samanburði, sér í lagi í þeim tilvikum þegar landshlutar liggja að höfuðborgarsvæðinu.

Í sambandi við mælikvarða B. ii. um að fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum skuli skilgreindur án staðsetningar þá fagnar bæjarráð þeirri vinnu sem unnin hefur við að skilgreina þau störf hjá stofnunum ríkisins. Bæjarráð efast hins vegar um að einungis 13% starfa sé mögulegt að auglýsa án staðsetninga þegar litið er til tæknimöguleika nútímans. Bæjarráð leggur jafnframt áherslu á að í stefnumótandi byggðaáætlun var jafnframt kveðið á um störf yrðu auglýst án staðsetningar og stefnt að því í aðgerðaráætlun að 10% starfa yrðu auglýst án staðsetningar 2024 og 5% fyrir árslok 2021. Bæjarráð kallar eftir stöðumati á þessu markmiði, sér í lagi sökum þess hversu fá ríkisstörf hafa verið auglýst án staðsetningar.

Bæjarráð er sammála þeirri framtíðarsýn sem sett er fram í skjalinu og þeim lykilverkefnum sem þar fram koma. Við jöfnun tækifæra til atvinnu leggur bæjarráð áfram áherslu á frumkvæði ríkisins í auglýsingu starfa án staðsetningar og að það þurfi að koma áfram skýrt fram í byggðaáætlun sú stefna ríkisins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri.

